

Þemavinna – BÍP á öllum skólastigum.

Í Álfhólsskóla verður áframhaldandi þróun á verkefninu „Bland í poka“ eða BÍP. Nafnið á þróunarverkefninu, Bland í poka eða BÍP, kemur frá nemendum en nemendur komu sjálfir með tillögur að nöfnum og kusu nafn á verkefnið að hausti 2019. Áður var verkefnið einungis á unglingastigi en í vetur verður BÍP á öllum skólastigum.

Í BÍP er lögð áhersla á samþætt nám og leiðsagnarmat í hæfnimiðuðu námi. Nám og kennsla er skipulögð í teymisvinnu kennara. Hvert teymi vinnur með ákveðið þema í einum árgangi í 1-2 vikur í senn og annað bóklegt nám lagt til hliðar á meðan. Á skólaárinu eru áætlaðar sex BÍP vikur, tvær á haustönn og fjórar á vorönn. Almennt er skipulagið þannig að kennarar leggja inn ákveðið efni á ýmsa vegu, t.d. með hefðbundinni innlögnum, púslaðferð, leikjum, myndbandi, samlestri eða á annan veg. Á eldri stigum vinna nemendur fyrirfram ákveðinn fjölda skylduverkefna og svo í kjölfarið valverkefni. Öll verkefni eru skipulögð út frá hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum þeirra námsgreina sem samþættar eru hverju sinni. Nemendur fá lokið/ólokið fyrir verkefnið og þau hæfniviðmið sem notuð eru í lotunni eru metin á Mentor. Námsmatið í BÍP birtist því á hæfnikortum nemenda í öllum viðkomandi námsgreinum hverju sinni og hefur því áhrif á hæfnieinkunn/samantekt á hæfni nemenda í hverri grein.

Í BÍP er lögð áhersla á leiðsagnarnám. Í stuttu máli snýst leiðsagnarnám um að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að. Markmiðin þurfa að vera skýr og vel skilgreind svo nemandinn, kennarinn og aðrir sem að náminu koma hafi sama skilning á því hvað sé til marks um að markmiðunum sé náð. Undir hverju hæfniviðmiði eru skýr námsmarkmið sem nemandi getur sjálfur fylgst með að hafi verið uppfyllt. Þegar nemandi telur sig hafa uppfyllt markmiðin fer hann með heftið sitt til kennara og fær staðfestingu hans á að markmiðinu hafi verið náð.

Markmið BÍP eru að:

- Efla samvinnu kennara.
- Auka val nemenda.
- Nemendur vinni einstaklingslega og í hóp að hæfnimiðuðum verkefnum.
- Auka við fjölbreytta kennsluhætti.
- Fjölga tækifærum til samþættingar og þemaverkefna.
- Efla hæfnimiðuð nám.
- Aukin einstaklingsmiðun.
- Betri nýting á sérfræðipækkingu sérkennara.
- Aukin samvinna nemenda.
- Aukin félagsfærni nemenda.
- Samábyrgð kennara á námi nemenda.
- Vænleg starfsskilyrði og aukin fagmennska.
- Gagnrýni og endurmat.
- Samræmdara námsmat.